

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti, þann 18. september 2002, breytingar á deiliskipulagi Höfðahverfis, í Mosfellsbæ, í samræmi við 2. mgr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting felst í því að svæði sem áður var merkt sem framtíðaríbúðarsvæði verður nú nýtt íbúðarsvæði. Leiksvæði við Súluhöfða hefur verið fellt niður. Bráðabirgðagöngustígur færast í legu stígs sem merktur var á uppdrætti sem framtíðarlega stígs. Bráðabirgðaaðstaða golfklúbbsins Kjalar ásamt bráðabirgðabilastæðum flyst af þessu svæði áður en uppbygging hefst á því.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi deiliskipulagsuppdrættir, nr. 81, samþykktur 28. apríl 1999, nr. 87, samþykktur 10. maí 2000, nr. 88, samþykktur 18. júlí 2000 og uppdráttur varðandi breytingu á bílastæðum vegna Súluhöfða 22 og Svöluhöfða 26, samþykktur 5. júní 2001. Endurskoðuð greinargerð er í sér hefti, dagsett 19. febrúar 1998 með síðari breytingum.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 3. október 2002.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

1. október 2002

Nr. 709

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Húnaþings vestra, Hvítársíðuhrepps og Borgarfjarðarsveitar um mörk sveitarfélaganna á Arnarvatnsheiði.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 1. október 2002 staðfest samkomulag, dags. 16. janúar 2002, um mörk Húnaþings vestra, Hvítársíðuhrepps og Borgarfjarðarsveitar á Arnarvatnsheiði.

Samkvæmt samkomulaginu verða mörk sveitarfélaganna á Arnarvatnsheiði frá Hraungörðum í vestri að Réttarvatni í austri svohljóðandi:

„Úr steini merktum LM á Hraungörðum, beina stefnu austur í Strípalónslæk rétt fyrir ofan (norðan) Hávaðavatn, þaðan beina stefnu í hól með strýtulaga toppi norðan við Hlíðarvatn, þaðan beina stefnu um norðurenda Gunnarssonavatns upp í Svartarhæð, steinn merktur LM, úr Svartarhæð í Réttarvatnstanga.“

Ofangreind kennileiti hafa verið færð inn á landakort (GPS punktar) sem skoðast sem hluti samkomulags þessa.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 1. október 2002.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Guðjón Bragason.*